

Hreinræktaðir Aberdeen Angus gripir til sölu í júlí 2026 – tilboð óskast !!

Inngangur

Að þessu sinni verða 6 naut til sölu og verða þau tilbúin til afhendingar strax að lokinni sölu. Engin kvíga er boðin til kaups að þessu sinni. Kynningu á þeim má finna á vef BSSL.is og Bændablaðinu sem kom út 25. júní. Nautin Reyrr 0103, Njörður 0104 og Naggur 0114 verða flutt að Hesti til sæðistöku og kyngreiningar á sæði.

Sölufarli gripanna

Ákveðið var að styðjast við svipaðar útboðsreglur og í fyrra. Óskað er eftir skriflegum tilboðum í hvern grip á þar til gerðu eyðublaði.

Hverjir mega bjóða í gripina?

Rekstraraðilar í nautgriparækt - bæði einstaklingar og lögaðilar - geta sent inn tilboð uppfylli þeir eftirfarandi skilyrði:

1. Séu skráðir eigendur eða leigjendur lögbýlis og með lögheimili á Íslandi.
2. Stundi nautgriparækt og reki nautgripabú á lögbýlinu með virkt virðisaukaskattsnúmer og starfsemi þeirra falli undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT2008, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.61, 01.62, 01.63, 01.64, 01.70 og 02.40.
3. Séu þáttakendur í afurðaskýrsluhaldi Bændasamtaka Íslands og hafi sinnt fullnægjandi skilum á skýrslum fyrir framleiðsluárið 2025, sbr 4 gr. reglugerðar nr 1333/2023

Tilboðsferli

Tilboð verða að berast á þar til gerðu eyðublaði sem aðgengilegt verður á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands (bssl.is) en þeir sem ekki geta nálgast eyðublaðið á þann hátt geta haft samband við Svein í síma 894-7146 og fengið blaðið sent til sín.

Á eyðublaðinu er tilgreint í hvaða grip eða gripi er verið að gera tilboð en bjóða má í eins marga gripi og hver vill, en tilgreina skal hversu hátt er boðið í hvern þeirra. Ef sami aðili sendir inn fleiri en eitt tilboð gildir nýjasta tilboðið, en hver tilboðsgjafi getur bara haft eitt gilt tilboð í hvert naut.

Lágmarksboð í nautin er 1.000.000 kr – kr ein milljón - án vsk.

Senda þarf mynd af undirrituðu tilboði á tölvupósti á gunnar@bssl.is í síðasta lagi 6. Júlí. Tilboðin verða síðan opnuð og unnið úr þeim þriðjudaginn 7. júlí 2026 sem hefst kl. 10:00. Þeim sem gera tilboð er frjálst að vera við þegar tilboðin eru opnuð og eða fylgjast með á teams fundi og fá sendan hlekk á fundinn til sín.

Ráðstöfun gripanna eftir opnun tilboða

1. Fyrst skal ganga úr skugga um að tilboð sem borist hafa séu gild þ.e. þau uppfylli öll þau skilyrði sem sett hafa verið.

2. Komi jöfn hæstu tilboð í einhvern grip frá tveimur eða fleiri aðilum skal hlutkesti ráða í hvaða röð tilboðin raðast.
3. Gengið skal frá sölnunni á þann hátt að fyrst er tekin fyrir sá gripur sem hæst er boðið í, þá sá sem næst hæst er boðið í og svo koll af kolli. Komi jafn hátt boð í tvo eða fleiri gripi skal hlutkesti ráða um röð þeirra nauta við sölu.
4. Hver tilboðsgjafi getur einungis keypt eitt naut. Ef sami aðili á hæsta boð í fleiri en einn grip skal hann velja hvaða tilboði hann vill halda og dettur hann þá út sem tilboðsgjafi í aðra gripi.
5. Kaupandi skal ganga frá greiðslu fyrir gripina inn á bankareikning Nautís **0152-26-630115 og kt 6301152210** í síðasta lagi 12. júlí. Litið er á greiðslu á þessum tímapunkti sem fyrirframgreiðslu en nautin verða áfram í eigu og á ábyrgð Nautís fram að afhendingardegi.
6. Sé ekki greitt inn á banka á réttum tíma fellur tilboðið úr gildi og sá sem átti næst hæsta boð í viðkomandi grip fær kaupréttinn. Hafi sá aðili þegar fengið keyptan annan grip getur hann valið hvorn gripinn hann vill taka. Við svona breytingar á einum grip getur því kaupréttur breyst á fleiri gripum.
7. Berist ekki gilt tilboð í einn eða fleiri af gripunum mun stjórn Nautís ehf ákveða hvernig með þá gripi verður farið í framhaldinu.
8. Þegar gripur hefur verið afhentur er hann formlega komin í eigu og á ábyrgð kaupanda.

Fh. hönd Nautís ehf
Sveinn Sigurmundsson
Framkvæmdastjóri